

Sálin hans Jóns míns – Hvar er draumurinn?

Sálin sækir fram

Sálin hans Jóns míns var á sínum tíma stofnuð sem „sálar“ hljómsveit; hljómsveit sem lék soul-tónlist eða í það minnsta soulkennda tónlist. Síðan hefur marga gerst, forsprakkarnir farnir og aðrir komnir í staðinn. Og tónlist sveitarinnar hefur smám saman verið að færast frá soul-sviðinu yfir í poppið og rokkið. Og samtímis hefur hljómsveitinni heldur betur vaxið ásmegin, er í dag tvímælalaust vinsælasta ungmennahljómsveit landsins.

Skýringanna á því er svösum ekki langt að leita. Hljómsveitin leikur afskaplega melódískt og aðgengilegt popp og ekki skemmir fyrir að forsöngvarinn er Stefán nokkur Hilmarsson, víðfrægur júrúvisjónsöngvari með meiru.

En þó Stefán eigi stóran þátt í vinsældum sveitarinnar á gítarleikarinn Guðmundur Jónsson kannski enn stærri hlut þó hljóðar fari. Hann hefur þá náttúru að því er virðist að geta hrist hvern smellinn á fætur öðrum fram úr erminni og á þessari nýju plötu hljómsveitarinnar semur hann hvert einasta lag.

Guðmundi tekst vissulega misjafnlega upp eins og gengur og gerist en obbinn af þeim lögum sem hér er að finna eru fyrsta flokks popptónlist. Má þar nefna lög eins og Ævin er augnablik, Auður, Gefðu mér og Eltu mig uppi en það síðastnefnda er með betri íslenskum popplögum sem ég man eftir á síðari árum. Það er eiginlega synd og skömm hvað lagið er stutt; eða 3:43. Ég held að það myndi njóta sín enn betur í töluvert lengri útgáfu.

Velflesta texta plötunnar semur Stefán Hilmarsson án þess þó að hafa mikið að segja. Fyrir vikið verða textarnir frekar innihaldslitlir og rýrir í roðinu. Stefán hengir sig líka um of í rímið og lendir víða í vandræðum þess vegna.

En Stefán syngur textana sína hins vegar af miklum þrótti og öryggi en hefur tilhneigingu til að syngja með uppgerðartilgerð hér og hvar, sem mér finnst bara skemma fyrir í jafnagætum lögum og hann hefur úr að móða hér.

Hvar er draumurinn er plata sem þeir sem að henni standa geta verið stoltir af.